

# Samkomulag

um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð árin 2016-2019

## 1.gr. Aðilar

Aðilar þessa samkomulags eru mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra og Félag kvikmyndagerðarmanna.

## 2.gr. Markmið

### 2.1

Íslenskar kvikmyndir gegna mikilvægu menningarhlutverki. Brýnt er að stuðla að áframhaldandi vexti íslenskrar kvikmyndagerðar, auka fjármagn í Kvikmyndasjóð og auka hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af heildarframleiðslukostnaði einstakra verkefna. Einnig er mikilvægt að bregðast við þeim breytingum sem greinin stendur frammi fyrir og efla þroska hennar á öllum sviðum jafnframt því að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í styrkveitingum Kvikmyndasjóðs.

### 2.2

Áhersla skal lögð á barnaefni og kappkostað að a.m.k. eitt slíkt verkefni verði framleitt árlega.

### 2.3


Sett er það markmið að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar s.s. gerð heimildamynda, stuttmynda og leikinna sjónvarpsmynda.

### 2.4

Sett er það markmið að jafna hlut kynjanna í kvikmyndagerð með því að tryggja jafnt styrkhlutfall úr Kvikmyndasjóði til handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda. Í því skyni verði veittir tímabundnir sérstakir handrita-, þróunar- og framleiðslustyrkir til kvenna. Jafnframt er sett það markmið að jafna hlut kynjanna í öðrum listrænum stöðum í kvikmyndagerð, svo sem stjórn kvikmyndatöku, búningahöfunda, leikmyndahönnuða, tónskálda, hljóðhönnuða og klippara. Kvikmyndamiðstöð skal vinna að gerð matskerfis á grundvelli þessa á samningstímanum í samráði við Kvikmyndaráð.

### 2.5

Sett er það markmið að halda áfram að styðja sérstaklega við konur og karla sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.



### 3.gr. Fjármögnun

#### 3.1

Framlag til Kvikmyndasjóðs er 844,7 m. kr. í fjárlögum 2016 og stefnt er að því að framlög úr ríkissjóði hækki í áföngum á samningstímanum og verði 1.084,7 m.kr. árið 2019.

#### 3.2

Miðað skal við að árlegt framlag til Kvikmyndasjóðs skiptist með eftirfarandi hætti á árunum 2017 - 2019: Leiknar kvikmyndir 65%, heimildarmyndir 17%, leikið sjónvarpsefni 18%.

#### **Kvikmyndasjóður 2016-2019**

Skipting framlaga í m.kr.		2016	2017	2018	2019
Leiknar kvikmyndir	65%	523,1	568,6	620,6	679,1
Heimildamyndir	17%	136,8	148,7	162,3	177,6
Leikið sjónvarpsefni	18%	144,8	157,4	171,8	188,0
		<b>804,7</b>	<b>874,7</b>	<b>954,7</b>	<b>1.044,7</b>
Miðastyrkir		30			
Endurgerð á gömlum myndum		10			
Endurskoðun laga og fleira			40	40	40
<b>Samtals Kvikmyndasjóður</b>		<b>844,7</b>	<b>914,7</b>	<b>994,7</b>	<b>1.084,7</b>

### 4.gr. Kvikmyndamenning

#### 4.1

Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum að fara með umsýslu Kvikmyndasjóðs og styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum, efla kvikmyndamenningu og stuðla að auknu samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði kvikmyndamála. Stuðningi við kvikmyndahátíðir og þá sem sýna listrænar kvikmyndir verður haldið áfram.

### 5.gr. Framkvæmd

#### 5.1

Til grundvallar markmiðum þeim sem lýst er í samkomulagi þessu liggur skýrsla Kvikmyndaráðs frá nóvember 2015 um áherslur til næstu ára. Tillögur um varðveislu kvikmyndaarfsins og kvikmyndamenntun verða teknar til athugunar og unnar áfram í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

#### 5.2

Við endurskoðun kvikmyndalaga nr. 137/2001 sem nú er byrjuð eru aðilar sammála um að skoðað verði sérstaklega stuðningur við kvikmyndir sem fæli í sér útfærslu miðastyrkja og fyrirkomulag um varðveislu eldri kvikmynda.

### 5.3


Aðilar munu beita sér fyrir því að markmið samkomulagsins náist. Áfram verði unnið að úfærslu markmiða samkomulagsins með samstarfi aðila þess og Kvikmyndaráðs.

Hver aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samkomulags þessa eða samkomulagið í heild verði tekið til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem vera má.


Fyrir liggur viljayfirlýsing dags. 26. október 2016, undirrituð af fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um að hækka framlög á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs á næstu árum. Í yfirlýsingunni er lýst yfir vilja til að við fjárlagagerð fyrir árin 2018 og 2019 verði veittar 125 m.kr. til Kvikmyndasjóðs Íslands, alls 250 m.kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í samkomulagi þessu.

Árleg hækkun á framlagi er háð því að Alþingi samþykki að svigrúm fái til að mæta þessum hækkunum í fjármálaáætlunum og fjárlögum komandi ára. Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast samskipti aðila vegna samkomulagsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og við Alþingi. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingum til málefnasviðs 18 Menningar og lista á grundvelli fjárlaga taka aðilar upp viðræður um aðlögun að breyttu fjárhagsumhverfi.

Reykjavík, 27. október 2016



Mennta- og menningarmálaráðherra



Fjármála- og efnahagsráðherra



Framleiðendafélagið SÍK



Félag kvikmyndagerðarmanna



Samtök kvikmyndaleikstjóra

## Viðauki

við samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð árin 2016-2019

Í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Ríkisútvarpið 2016 - 2019 er tilgreint hlutfall af fjármunum til dagskrárgerðar sem á að verja til að kaupa efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV skal verja til þess að lágmarki 8% af heildartekjum sínum árið 2016 og mun það hlutfall hækka á tímabilinu í 11% árið 2019.

Í ofangreindum samningi er einnig fjallað um RÚV myndir. Sérstaklega hefur verið samið um að a.m.k. 80% af 200 m.kr. verði varið til meðframleiðslu og/eða kaupa á sýningarrétti leikins efnis og heimildamynda í samstarfi við sjálfstæða framleiðendur.



Handwritten signatures in blue ink, including a large stylized signature and several smaller ones, including one that appears to be 'BRUN'.